



## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2014

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2014 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 9,4 ma.kr. en var neikvætt um 6,2 ma.kr. árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 29,1 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 12,5 ma.kr.

*Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - mars 2014 (m.kr.)*

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	110.985	112.004	122.100	126.922	156.070
Greidd gjöld	130.975	114.789	126.428	134.484	147.010
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-19.990</b>	<b>-2.785</b>	<b>-4.328</b>	<b>-7.562</b>	<b>9.060</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	9.665	-340	-2.924	1.343	357
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-10.325</b>	<b>-3.125</b>	<b>-7.252</b>	<b>-6.219</b>	<b>9.417</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>-3.441</b>	<b>-1.713</b>	<b>-5.662</b>	<b>-5.953</b>	<b>-10.050</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-13.766</b>	<b>-4.838</b>	<b>-12.914</b>	<b>-12.172</b>	<b>-633</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-71.827</b>	<b>-6.018</b>	<b>-50.933</b>	<b>-9.221</b>	<b>-51.574</b>
Innanlands	-71.827	-750	-1.476	-6.750	-26.800
Erlendis	0	-5.268	-49.457	-2.471	-24.774
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-85.593</b>	<b>-10.856</b>	<b>-63.847</b>	<b>-21.393</b>	<b>-52.207</b>
<b>Lántökur</b>	<b>44.951</b>	<b>36.125</b>	<b>43.852</b>	<b>26.616</b>	<b>25.572</b>
Innanlands	46.918	26.556	25.002	25.895	25.572
Erlendis	-1.967	9.569	18.850	780	0
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-40.642</b>	<b>25.269</b>	<b>-19.995</b>	<b>5.223</b>	<b>-26.635</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 156,1 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2014. Það eru talsvert meiri tekjur en áætlað var fyrir tímabilið, en að miklu leyti skýrist það af tæplega 20 ma.kr. arði frá Landsbanka Íslands hf. sem greiddur var út undir lok ársfjórðungsins. Að arðinum frátöldum er tekjuþróunin í góðu samræmi við áætlanir og gott betur. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 10% á milli ára og námu 127,7 ma.kr. sem er 6,5% yfir áætlun. Sé litið til heildartekna er 23% aukning frá því í fyrra og frávikið 20,8 ma.kr. eða sem nemur 15,4% af tekjuáætlun fjárlaga.

Af um 128 ma.kr. skatttekjum tímabilsins nam tekjuskattur einstaklinga 32,0 ma.kr. og tekjuskattur lögaðila 9,3 ma.kr. Tekjuskattar eru yfir áætlun, en reynslan hefur sýnt að frávik frá áætlun fjárlaga eru yfirleitt mest í upphafi árs og fara dvínandi þegar á líður. Um helmingur af innheimtum tekjuskatti lögaðila á fyrstu þremur mánuðum ársins er vegna eldri gjaldára og er það óvenjuhá fjárhæð, sem skýrir stórt frávik í flokki tekjuskatta. Tekjur af fjármagnstekjuskatti námu 14,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,2 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga og aukning um 10,1% frá því í fyrra. Þar af nam fjármagnstekjuskattur sem greiddur er af ríkissjóði 1,0 ma.kr.



## Tekjur ríkissjóðs janúar-mars 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>113.285</b>	<b>116.121</b>	<b>127.722</b>	<b>8,3</b>	<b>2,5</b>	<b>10,0</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>46.223</b>	<b>48.099</b>	<b>55.751</b>	<b>6,1</b>	<b>4,1</b>	<b>15,9</b>
Tekjuskattur einstaklinga	27.497	28.794	32.018	17,3	4,7	11,2
Tekjuskattur lögaðila	7.398	6.182	9.280	164,4	-16,4	50,1
Skattur á fjármagnstekjur	11.328	13.124	14.453	-34,6	15,9	10,1
<b>Eignarskattar</b>	<b>3.572</b>	<b>2.591</b>	<b>2.457</b>	<b>232,1</b>	<b>-27,5</b>	<b>-5,2</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>44.838</b>	<b>45.847</b>	<b>48.700</b>	<b>7,2</b>	<b>2,3</b>	<b>6,2</b>
Virðisaukaskattur	27.514	28.285	30.592	3,0	2,8	8,2
Vörugjöld af ökutækjum	849	899	927	88,0	5,9	3,1
Vörugjöld af bensíni	2.602	2.538	2.588	2,4	-2,4	2,0
Skattar á olíu	1.433	1.499	1.587	3,6	4,6	5,9
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3.573	3.734	3.902	13,6	4,5	4,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	8.868	8.891	9.104	16,6	0,3	2,4
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>1.608</b>	<b>1.432</b>	<b>1.380</b>	<b>-12,4</b>	<b>-11,0</b>	<b>-3,6</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>981</b>	<b>1.821</b>	<b>2.018</b>	<b>8,4</b>	<b>85,6</b>	<b>10,8</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>16.062</b>	<b>16.331</b>	<b>17.416</b>	<b>4,3</b>	<b>1,7</b>	<b>6,6</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>39</b>	<b>41</b>	<b>43</b>	<b>-70,3</b>	<b>4,2</b>	<b>4,8</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>7.597</b>	<b>10.537</b>	<b>28.223</b>	<b>-7,6</b>	<b>38,7</b>	<b>167,8</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>1.178</b>	<b>222</b>	<b>82</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>122.100</b>	<b>126.922</b>	<b>156.070</b>	<b>8,0</b>	<b>3,9</b>	<b>23,0</b>

Tekjur af eignarsköttum námu 2,5 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins sem er samdráttur upp á 5,2% á milli ára og 3% undir tekjuáætlun fjárlaga. Auðlegðarskattur er 5,3% yfir áætlun og nam 1,1 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 9,6% á milli ára. Stimpilgjöld drógust saman um 12,6% á milli ára og námu 0,8 ma.kr. sem er tæplega 16% undir áætlun. Erfðafjárskattur nam 0,4 ma.kr. sem er lítillega undir áætlun og aukning um 6,3% á milli ára.

Skattar á launagreiðslur og vinnuafl námu 1,8 ma.kr. sem er aukning um 17,4% á milli ára og 14,4% yfir áætlun. Frávikið liggur að mestu í fjársýsluskatti sem lagður er á fjármálafyrirtæki, en hann nam 0,9 ma.kr. Í febrúar og mars var skilað fjársýsluskatti af um 16% hærrí stofni en í sömu mánuðum í fyrra og er það meiri hækkun en í forsendum áætlunar.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 6,2% á milli ára og námu þeir samtals 48,7 ma.kr. sem er eftir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur, sem vegur mest í þessum flokki skatta, nam 30,6 ma.kr. sem er rétt yfir áætlun fyrir tímabilið og var aukning hans á milli ára 8,2%. Almenn vörugjöld eru einnig rétt yfir áætlun fyrir tímabilið og námu 1,4 ma.kr. sem er aukning um 14,6% frá sama tíma í fyrra.

Vörugjöld af ökutækjum námu 0,9 ma.kr. og vörugjöld af bensíni 2,6 ma.kr. en bæði eru aðeins undir áætlun eftir þrjá fyrstu mánuði ársins. Olíugjaldið skilaði 1,6 ma.kr. sem er aukning um tæplega 6% á milli ára og kolefnisgjaldið 0,7 ma.kr. sem er aukning um



3,4% á milli ár. Samanlagt eru framangreind gjöld á ökutæki og eldsneyti 0,9% undir áætlun. Bifreiðagjaldið er 5% undir áætlun og nam 3,0 ma.kr. á tímabilinu.

Áfengisgjaldið skilaði 2,5 ma.kr. sem er á áætlun og 3,8% aukning frá því í fyrra. Tóbaksgjaldið jókst um 5,7% á milli ára og nam 1,4 ma.kr. sem er rétt yfir áætlun. Sala áfengis á fyrsta ársfjórðungi mælt í vínanda allra tegunda samanlagt dróst örlítið saman á milli ára eða um tæp 3%. Tóbakssala jókst um tæp 11% að magninu til á milli ára sem skýrist af lítilli sölu í upphafi árs 2013 vegna „hamsturs“ skömmu fyrir hækkun tóbaksgjaldsins í ársbyrjun 2013.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 1,4 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir. Tekjur af tryggingagjöldum námu 17,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,7% yfir áætlun og 6,6% aukning frá því í fyrra. Almenna tryggingagjaldið nam 10,5 ma.kr. en atvinnuþryggingagjaldið nam 5,1 ma.kr.

Aðrar tekjur en skatttekjur eru sem fyrr segir nokkuð mikið yfir áætlun og er frávikíð 13,3 ma.kr. fyrir tímabilið janúar-mars en tekjurnar námu samtals 28,3 ma.kr. Arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars nam 19,7 ma.kr. og skýrir frávikíð að langmestu leyti. Veidigjaldið skilaði 1,4 ma.kr. og er frávik þess miðað við áætlun enn neikvætt síðan í janúar, sem nemur um 11%. Þar af nam almenna veiðigjaldið 0,9 ma.kr. og það sérstaka 0,5 ma.kr. Líklegt er að um hliðrun milli mánaða sé að ræða miðað við það sem áætlunin lagði upp með þannig að frávik í veiðigjaldi muni fara minnkandi þegar líður á árið.

**Greidd gjöld** námu 147 ma.kr. og jukust um 12,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 9,3% sem er heldur meira en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

**Gjöld ríkissjóðs janúar - mars 2012-2014**

	2012	2013	2014	2013	2014
Fjármagnskostnaður	18.177	19.493	21.116	7,2	8,3
Almenn opinber þjónusta	10.578	11.858	13.179	12,1	11,1
Almannatryggingar og velferðarmál	29.169	30.251	31.389	3,7	3,8
Heilbrigðismál	27.972	30.096	32.629	7,6	8,4
Efnahags- og atvinnumál	12.342	12.146	14.431	-1,6	18,8
Menntamál	15.256	16.038	15.854	5,1	-1,1
Menningar- og félagsmál	4.443	4.829	4.871	8,7	0,9
Lög- og réttargæsla	4.748	5.362	5.247	12,9	-2,1
Önnur útgjöld	3.742	4.411	8.294	17,9	88,0
<b>Gjöld alls</b>	<b>126.428</b>	<b>134.484</b>	<b>147.010</b>	<b>6,4</b>	<b>9,3</b>

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 34,3 ma.kr. á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við 31,4 ma.kr. á síðasta ári. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda en hann nam 21,1 ma.kr. og jókst um 1,6 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 3,5 ma.kr. samanborið við 2,7 ma.kr. á fyrra ári. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 4,1 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera



Þjónustu námu um 3,1 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til lög- og réttargæslu námu 5,2 ma.kr. samanborið við 5,4 ma.kr. 2013. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu tæpum 1 ma.kr. og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem voru 873 m.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 357 m.kr., útgjöld sýslumannsembætta 548 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 339 m.kr. og útgjöld héraðsdómstóla 346 m.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 2,3 ma.kr. á milli ára og námu 14,4 ma.kr. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 5,2 ma.kr. samanborið við 3,7 ma.kr. á fyrra ári. Þessi útgjöld voru umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist með því að dreifing raunútgjalda reyndist önnur en áætlað hafði verið. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 3,8 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframléiðslu. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 1,7 ma.kr. og útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum rúmum 1,5 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 2,3 ma.kr. Útgjöld til heilbrigðismála námu 32,6 ma.kr. og jukust um 2,5 ma.kr. milli ára. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 4,8 ma.kr. samanborið við 4,5 ma.kr. 2013. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 6,2 ma.kr. samanborið við 5,9 ma.kr. 2013. Útgjöld vegna sjúkráhusþjónustu námu 13,9 ma.kr. samanborið við 12,7 ma.kr. 2013 þar sem mest munar um útgjöld Landspítala sem námu 10,4 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 6,5 ma.kr. og jukust um 561 m.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu rúmum 1 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu 4,9 ma.kr. á tímabilinu og drógust lítillega saman milli ára. Helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 880 m.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals um 1,4 ma.kr. Útgjöld til menntamála námu 15,9 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi ársins og voru svipuð og á árinu 2013 en heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 4,7 ma.kr. og útgjöld vegna háskólastigs 9,9 ma.kr. en útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna uppá 5,6 ma.kr. falla þar undir. Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 31,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,1 ma.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 2 ma.kr. milli ára og námu um 17,1 ma.kr. á tímabilinu. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 3,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega frá fyrra ári. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu um 4 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 2,1 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Þá námu greiddar barnabætur 2,4 ma.kr. sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir.

Önnur útgjöld námu 8,3 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga upp á 2,6 m.a.kr. og greiddan fjármagnstekjuskatt upp á 4,1 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 1,1 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 248 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 217 m.kr.

## Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 633 m.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 12,2 ma.kr. Brúttó var lánsfjárfjöfnuðurinn neikvæður um 52,2 ma.kr. samanborið við 21,4 ma.kr. 2013.



Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 51,6 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 26,8 ma.kr. og af erlendum lánum 24,8 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu 25,6 sem skýrast alfarið af innlendum lántökum. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 26,6 ma.kr. á tímabilinu.